

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2013

2013/EES/72/02

frá 8. júlí 2013

um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu
samvinnu á sviði hagskýrslugerðar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 frá 15. janúar 2013 um evrópska hagskýrsluáætlun 2013–2017 ⁽¹⁾, er markaður fjárhagsrammi fyrir 2013 vegna framkvæmdar á hagskýrsluáætlun Evrópusambandsins 2013 til 2017. Fjárveiting að því er varðar tímabilið 2014 til 2017 hefur enn ekki verið ákveðin.
- 2) Rétt er að byggja hagskýrsluáætlun EES fyrir árið 2013 á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 og láta hana taka til þeirra liða áætlunarinnar sem nauðsynlegir eru til þess að unnt sé að lýsa og fylgjast með öllum þeim efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu þáttum Evrópska efnahagssvæðisins sem máli skipta.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 30 við EES-samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 4. gr. (Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS)) bókunar 30 við EES-samninginn:

„5. gr.

Hagskýrsluáætlun 2013

1. Þessi grein lýtur að eftirfarandi gerð:
 - **32013 R 0099:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 frá 15. janúar 2013 um evrópska hagskýrsluáætlun 2013–2017 (Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12).
2. Evrópsk hagskýrsluáætlun 2013–2017, sbr. reglugerð (ESB) nr. 99/2013, skal lögð til grundvallar aðgerðum EES á sviði hagskýrslna frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013. Öll meginsvið evrópskar hagskýrsluáætlunar 2013 til 2017 teljast skipta máli fyrir hagskýrslusamstarf EES og geta EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim.
3. Hagskýrsluskrifstofa EFTA og Eurostat skulu semja sameiginlega sérstaka hagskýrsluáætlun EES fyrir árið 2013. Hagskýrsluáætlun EES fyrir árið 2013 skal samin sem hlutmengi og hliðstæða árlegar vinnuáætlunar sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 99/2013. Samþykkt hagskýrsluáætlunar EES fyrir árið 2013 skal eiga sér stað samkvæmt eigin málsmeðferð hvers samningsaðila um sig.
4. EFTA-ríkin skulu, fyrir 2013, greiða framlag í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjárhagsreglugerðir sem nemur 75% af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 05 (Evrópsk hagskýrsluáætlun 2013–2017) og 29 01 04 05 (Stefna á sviði hagskýrslugagna – Kostnaður við rekstur stjórnsýslu) í fjárlögum Evrópusambandsins fyrir 2013.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2013, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), hvort sem ber upp síðar.

Hún gildir frá 1. janúar 2013.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.